

FJÁRMÁL Í SPORTABLER

LEIÐBEININGAR FYRIR REGLULEGA YFIRFERÐ
UPPFÆRÐAR 1.8.2023



Sportabler er ekki bara verkfæri þegar kemur að félagatali, skráningarmálum, upplýsingamiðlun og samskiptum heldur líka þegar kemur að fjármálum félagsins. Í Sportabler eru hin ýmsu gjöld innheimt sé það vegna félags- & viðburðargjalda, vegna sumarnámskeiða, vegna fjáraflanna eða sölu á einkennum eða varningi.

Því skiptir máli að einstaklingur á borð við gjaldkera eða starfsmann félags taki reglulega yfirferð í kerfinu og setji á sig fjármálaglæraugun á meðan.

Það er bæði mikilvægt að passa upp á að hreinsa reglulega út úr „Þjónustuyfirlitinu“ og að fylgjast reglulega með núverandi stöðu krafna í kerfinu. Þessar leiðbeiningar hafa verið mótaðar til að aðstoða skátafélögin með þessi tvö verkefni.

EFNISYFIRLIT

UM ÞJÓNUSTUYFIRLITIÐ.....	2
UM FJÁRSTREYMI	2
VIRK VS. ÓGREITT	4
SETJA ÞJÓNUSTU Í SAFN	6
EINSTAKLINGUR SETTI ALDREI UPP GREIÐSLUFERLI	8
FORSKRÁNING ÁN SAMÞYKKIS/STAÐFESTINGAR.....	10
GREIÐSLA UTAN SPORTABLER	11
NIÐURFELLING GJALDS SEM ER EKKI Í VANSKILUM	12
GJÖLD Í VANSKILUM	13
UM ANNAD SEM EKKI ER FARIÐ YFIR HÉR	14



UM ÞJÓNUSTUYFIRLITIÐ

Þjónustuyfirlitið er bakendinn á vefverslun skátafélagsins. Allar „þjónustur“ sem eru stofnaðar í þessu viðmóti opna skráningargátt í sportabler.com/shop/ vefgátt félagsins. Þessar þjónustur eru síðan ýmist ekki eða tengdar „flokkum“ inni á „sviðum“ í Sportabler þannig hver sem verslar þjónustu skráist í viðkomandi „flokk“.

Ef félög vanrækja að hreinsa reglulega út úr kerfinu er hætt á tvennu.


1. Í fyrsta lagi að úreltar skráningargáttir standi opnar í vefverslun félagsins. Þetta gerist fyrst og fremst ef að fólk gætir sín ekki á því hvaða dag það velur að skráning loki. Þessu hafa einhver félög fengið að kynnst og þeim vandamálum sem því fylgir.
2. Það verði veruleg upplýsingaóreiða þar sem fólk greinir ekki á milli úreltra skráningaleiða og gildra skráningaleiða. Við höfum séð ýmis vandamál skapast vegna þessa. T.d. að fólk opni aftur úreltar skráningargáttir og blandi saman þátttakendum úr fortíð við þau sem ætla að taka þátt í nútíð, að fólk sendi upplýsingapóst á gamla þátttakendur, að fólk uppfæri upplýsingar í rangri skráningargátt svo úreltar upplýsingar haldist inni í gildandi skráningargátt og margt fleira.

Ef það er reglulega farið yfir þetta viðmót og hreinsað út úr því er komið í veg fyrir þessi vandamál og afsprengi þeirra og á sama tíma tekin regluleg staða á útistandandi kröfum í nafni félagsins og þannig komið í veg fyrir tekjutap hjá félaginu og/eða óþarfa kostnað hjá skuldunautum þess.

UM FJÁRSTREYMI

Í stjórnenda viðmótinu í vinstri borða á síðunni er hnappur sem heitir „Greiðslur“ ef hann er valinn er næst hægt að velja „Fjárstreymi“ þá getur maður séð allar útistandandi kröfur félagsins eftir flokkum fram til ársloka. Sjáum dæmi, athugið að allar persónugreinanlegar upplýsingar hafa verið fjarlægðar og fjárstreymið er frá öðru félagi en skátafélagi Akraness:





Flokkarnir eru ýmist grænir og rauðir. Grænu flokkarnir þýðir að kröfurnar eru í slíku greiðsluferli sem nafnið gefur til kynna og í skilum þ.e. allar greiðslur hafa til þessa verið samkvæmt þeirri greiðsluáætlun sem viðkomandi valdi við skráningu.

Í sýnidæminu hér að ofan eru 242.500 krónur útstandandi sem fólk hefur valið að greiða með greiðsluseðlum. Af þeim 242.500 eru 70.000 krónur komnar í vanskil. Enginn þessara greiðsluseðla er í greiðsludreifingu því eru 0 krónur í Seðlar – greiðsludreifingu. Um leið og greiðsluseðlar eru greiddir fær félagið peninginn.

Í sýnidæminu hér að ofan eru síðan 204.500 krónur sem búið er að greiða með frístundastyrk en er enn ókomið til félagsins.

Óstaðfestir reikningar eru kröfur sem búið er að gera út á fólk vegna forskráningar en eru ekki í neinu greiðsluferli því „greiðandi“ hefur ekki staðfest skráninguna og þar með ekki heldur sett kröfuna sem henni fylgir í neitt greiðsluferli. Hún fer ekki í greiðsluferli þar til félagið sendir greiðsluseðil á viðkomandi eða það sem æskilegra er að viðkomandi, sem búið er að gera kröfuna út á, fari sín megin inn í Sportablar og setji kröfuna í greiðsluferli.

Skoðum eitt annað dæmi til að ræða kortagreiðslur:



Í dæminu hér að ofan eru 184.084 krónur í greiðsludreifingu sem munu í framtíðinni skuldfærast á kort. Þar að auki eru 29.000 krónur sem búið er að greiða með kortum en er enn ókomið á reikning félagsins, þessar 29.000 krónur er aðskilin upphæð frá þeirri sem er enn í „Greiðsludreifingu“. Síðan eru 10.000 krónur sem áttu að skuldfærast á kort en eru komin í vanskil, sú upphæð er líka aðskilin en ekki hluti af heildarupphæðinni sem er í greiðsludreifingu og í skilum enn sem komið er.



Með því að smella á hvern hnapp fyrir sig má sjá allar kröfur undir viðkomandi flokki á þeirri stundu. Þessar leiðbeiningar munu samt nálgast þessar kröfur úr þjónustuyfirlitinu, því þaðan er oft auðveldara að hólfa niður hvaðan útistandandi kröfur koma. En líka vegna þess að þaðan má leysa tvö verkefni í einu, að gera upp útistandandi kröfur og hreinsa út úr þjónustuyfirlitinu.

VIRK VS. ÓGREITT

Þjónustuyfirlitið má nálgast í stjórnenda viðmótinu í vinstri borða, skoðum núna dæmi:

Nafn þjónustu	Flokkur	Fæðingarár	Kyn	Áskrifir Virki	Ógreitt	Biðlisti	Verð	Safnað	Staða
Drekaskátamót 2022 - Starfsfólk	Drekaskátamót 2022 - Starfsfólk	1900 - 2005		0	0	0	0		Opnið
Fjölskylduskátahelgi á Úlfjótavatni	Fjölskylduskátahelgi á Úlfjótavatni	1900 - 2004		0	0	0	Frá 55,000 ISK (2)		Opnið
Sumarbúðir á Úlfjótavatni 2022 fyrir 12-14 ára		2008 - 2010		0	2	29	Frá 54,900 ISK (2)		Opnið
Sumarbúðir á Úlfjótavatni 2022 fyrir 9-11 ára	Námskeið 1 0-21 ISK (2)	2010 - 2014		0	0	57	Frá 54,900 ISK (2)		Opnið
Skátaping 2022	Skátaping 2022	1900 - 2014		1	1	0	Frá 0 ISK (2)		Opnið
Neisti 2022	Námskeið	1900 - 2006		0	2	0	Frá 4,950 ISK (2)		Opnið
Eitt sinn skáti 2021-2022	Eitt sinn skáti 0-1 ISK (2)	1900 - 2003		0	0	0	3,600		Opnið
Ugla	Félagsforingjafundur 2022	1996 - 2005		0	1	0	Frá 7,000 ISK (2)		Opnið
Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja		2001 - 2004		0	1	0	9,900		Opnið
Námskeið fyrir vettarasveitarfólk	Starfsmann Skátafélaga	1900 - 2002		0	1	0	Frá 100 ISK (2)		Opnið

Hér má sjá ýmsar gamlar þjónustur sem voru settar upp vegna hinna ýmsu námskeiða og viðburða hjá BÍS og Skátamiðstöð alla leið aftur til haustsins 2020. Allar sýna þær 0 virka „áskrifendur“ en sumar sýna 1 eða fleiri „áskrifendur“ í ógreitt flokknum. Athugið að upplýsingar um hversu háum upphæðum hafi verið safnað innan hversrar þjónustu hefur í þessu sýnidæmi verið falið.

Berum snögglega þessar gömlu þjónustur við þjónustur sem hafa verið settar upp fyrir framtíðar viðburði.

Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja	Aðstoðarsveitarforingjanámskeið 0-4 ISK (2)	1900 - 2006		6	0	0	16,900		Opnið
--	--	-------------	--	---	---	---	--------	--	-------

Hér má sjá skráningu á aðstoðarsveitarforingjanámskeið sem hefur enn ekki farið fram þegar þessar leiðbeiningar eru gerðar. 6 manns hafa skráð sig og sett sig í greiðsluferli til



að greiða fyrir viðburðinn og koma upp sem þau séu með „virka áskrift“. Þetta getur þýtt að þau séu búin að greiða námskeiðið, en getur einnig þýtt að þau séu eingöngu búin að setja upp greiðsluferli fyrir námskeiðið og þá getur alltaf orðið að námskeiðsgjaldið fari í einhverskonar vanskil eða verði ekki greitt.

Þegar þjónustur eru settar upp með verði er hægt að sérstilla eindaga, sé það ekki gert miðar eindaginn við lokadag skráningar. Lokadagur skráningar er alla jafna fyrir upphafsdag viðburðarins sem verið er að skrá á, þannig að viðburði loknum gætu einhver og jafnvel öll sem voru fyrir viðburðinn í græna flokknum færst yfir í rauðlitaða „Ógreitt“ flokkinn. Ef einhver færir þangað að viðburði loknum þýðir það að viðkomandi hefur ekki greitt gjaldið samkvæmt þeirri áætlun sem var sett upp við skráningu.

Fólk færir í rauða flokkinn því það hefur ekki greitt. Hafi viðburðurinn ekki boðið upp á skiptingu gjalds má túlka það sem svo að viðkomandi hafi valið að borga með greiðsluseðli og svo ekki greitt hann fyrir eindaga. Hafi viðburðurinn boðið upp á skiptingu gjalds gæti viðkomandi hafa gleymt að greiða einn eða fleiri greiðsluseðla eða ein eða fleiri kortafærsla ekki gengið í gegn þegar hringt var eftir heimild.

Í báðum tilfellum er krafan komin í vanskilaferli og byrjar að safna vöxtum að viðbættum innheimtukostnaði. Báðir kostnaðarliðir hækka með tímanum og því er mikilvægt að við séum vakandi fyrir útstandandi kröfum í vanskilum og styðjum fólk í að gera það upp.

Eftir viðburð færast þau sem hafa greitt allt úr græna „virk“ áskriftar flokknum og hverfa úr þessu yfirliti.

Skoðum nú sama dæmið aftur með smá snúningi.



Ef einstaklingar eru í „ógreitt“ flokknum í skráningu sem er yfirstandandi og/eða fyrir viðburð sem er enn ólokið, þýðir það eitt af tvennu. Í fyrsta lagi ef þetta væru t.d. félagsgjöld, mótsgjald fyrir landsmóti eða utanlandsferð með skátafélaginu gæti verið að einhver hafi skráð sig, skipt greiðslum og sé ekki búinn að standa við greiðsluáætlun á einum eða mörgum hlutum þeirrar greiðsluáætlunar. Í öðru lagi getur þetta líka þýtt að einhver hafi verið forskráður af stjórnanda á viðburðinn og viðkomandi hafi aldrei staðfest skráninguna sín megin, þannig sé er ekkert greiðsluferli í gildi fyrir viðkomandi og ef ekkert er að gert mun viðkomandi ekki greiða neitt þrátt fyrir þessa skráningu.



Viðkomandi er þá hægt að finna í fjárstreymi undir „Óstaðfestir reikningar“ en út í það verður farið í meiri smáatriðum ögn neðar í þessum leiðbeiningum.

Lýtum snöggvast þangað við núna og sjáum hvað við finnum:

Seðlar - Ógreiddir	Seðlar - Vanskil	Seðlar - Greiðsludreifing	Kort - Greiðsludreifing	Kort - Óuppgert	Kort - Vanskil	Óstaðfestir reikningar				
○	Notandi	Deild	Flokkur	Titill	Kv. nr.	Alls upphæð	Upphæð greidd	Stofnað	Breytt	Staða
1	Sigurgeir B. Þórisson 1609922639	Skátarnir	Aðstoðarsveitarforingjanámskeið	Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja	472531	16.900 kr.	0	19.09.2022 16:05	19.09.2022 16:05	Ógreitt

Þar sjáum við að Sigurgeir nokkur erindreki BÍS hefur verið forskráður á námskeiðið en hann hefur ekki staðfest skráninguna og því á BÍS ekki von á námskeiðsgjaldi frá honum nema að hann fari sjálfur sín megin inn í kerfið að geri gjaldið upp eða ef félagið (BÍS í þessu tilfelli) sendir út greiðsluseðil á hann í gegnum kerfið. Út í báða möguleika verður farið nánar síðar í leiðbeiningum.

Það er ekki síður mikilvægt að athuga reglulega stöðu krafna vegna yfirstandandi eða framtíðar viðburða, það er iðulega auðveldara að innheimta kröfur fyrir viðburði heldur en að þeim liðnum.

SETJA ÞJÓNUSTU Í SAFN

Skoðum núna aftur gamlar þjónustur frá BÍS:

sportablar

Leitaðu eftir nafni, kennitölu, neffang eða símanúmer

A-+ | Hjálp

Skipta | Þjálfara vef


Feiðg
 Skátafélagið Stígandi
 Skátafélagið Strökur
 Skátafélagið Svanir
 Skátafélagið Víðill
 Skátafélagið Vogabúar
 Skátarnir Bandalag íslenskra skáta
 Greiðslur
 Flokkar
 Viðburðir
 Þjónustuyfirlit
 Greiðsluviðburðir
 Þjálfarar
 Svíð
 Svæðis dagatal
 Svæði
 Hitakort
 Saga lökenda
 Skátasamband Reykjavíkur

Þjónustur Skátarnir

Nafn þjónustu	Flokkur	Fæðingarár	Kyn	Áskriftir Virk	Ógreitt	Bíðlisti	Verð	Safnað	Staða
Drekaskátamót 2022 - Starfsfólk	Drekaskátamót 2022 - Starfsfólk	1900 - 2005		0	0	0	0		Ópáð
Fjölskylduskátahelgi á Úlfjótavatni	Fjölskylduskátahelgi á Úlfjótavatni	1900 - 2004		0	0	0	Frá 55,000 SEK (SEK)		Ópáð
Sumarburðir á Úlfjótavatni 2022 fyrir 12-14 ára		2008 - 2010		0	2	29	Frá 54,900 SEK (SEK)		Ópáð
Sumarburðir á Úlfjótavatni 2022 fyrir 9-11 ára	Námskeið 1	2010 - 2014		0	0	57	Frá 54,900 SEK (SEK)		Ópáð
Skátaping 2022	Skátaping 2022	1900 - 2014		0	0	0	Frá 0 SEK (SEK)		Ópáð
Neisti 2022	Námskeið	1900 - 2006		0	2	0	Frá 4,950 SEK (SEK)		Ópáð
Eitt sinn skáti 2021-2022	Eitt sinn skáti	1900 - 2003		0	0	0	3,600		Ópáð
Uglaun	Félagssveitunefnd 2022	1996 - 2005		0	1	0	Frá 7,000 SEK (SEK)		Ópáð
Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja		2001 - 2004		0	1	0	9,900		Ópáð
Námskeið fyrir vestrarstarfsfólk	Starfsmann Skátafélaga	1900 - 2002		0	1	0	Frá 100 SEK (SEK)		Ópáð

Þegar hreinsað er út úr þjónustuyfirlitinu er markmiðið að allar gamlar þjónustur sýni 0 í rauða “ógreitt” flokknum. T.a.m. Skátaping í þessu sýnidæmi, þá er hægt að smella á örina lengst til hægri á borðanum og velja “Í safn”. Þá koma eftirfarandi skilaboð:





Kerfið varar mann við að það er ekki æskilegt að setja þjónustur í safn þar sem eru enn eftir ógreiddar kröfur. Í þessari þjónustu eru engar ógreiddar beiðnir og því veljum við „Staðfesta“.

Eftir að hafa hreinsað upp öll námskeið þar sem enginn er í „Ógreitt“ floknum standa eftirfarandi námskeið eftir:

<input type="radio"/>	Rekka-og róvermót 2022 - Starfsfólk	Rekka- og Róverskátamót - Starfsfólk 02 (0H) (1)	1900 - 1995	0	1 (1)	0	Frá 0 Fjöl (2)	Loynilegt
<input type="radio"/>	RekkaKraftur	RekkaKraftur	2003 - 2005	0	1 (1)	0	10,900	Opnið
<input type="radio"/>	Sumarbúðir á Úllfjótuvatni 2022 fyrir 12-14 ára		2008 - 2010	0	2 (2)	29	Frá 54,900 Fjöl (2)	Opnið
<input type="radio"/>	Neletí 2022	Námskeið	1900 - 2006	0	2 (2)	0	Frá 4,950 Fjöl (6)	Opnið
<input type="radio"/>	Uglaan	Félagsforingjafundur 2022	1996 - 2005	0	1 (1)	0	Frá 7,000 Stakir (2)	Opnið
<input type="radio"/>	Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja		2001 - 2004	0	1 (1)	0	9,900	Opnið
<input type="radio"/>	Námskeið fyrir vetrarstarfsfólk	Starfsmenn Skátafélaga	1900 - 2002	0	1 (1)	0	Frá 100 Fjöl (2)	Opnið

Byrjum á að skoða Námskeið fyrir vetrarstarfsfólk sem var haldið haustið 2020, þar er 1 einstaklingur merktur ógreitt. Hægt er að fá yfirlit yfir alla ógreidda reikninga með að smella á „1\$“. En þá birtist þetta:

	Notandi	Deild	Flokkur	Titill	Kvi. nr.	Alls upphæð	Upphæð greidd	Stofnað (1)	Breytt (1)	Staða
Engir reikningar										

Þetta kann að virðast furðulegt í fyrstu svo næst opnum við þjónustuna sjálfa með að smella á nafn þjónustunnar í yfirlitinu:





Hér er að finna einstakling sem á enn ógreitt námskeiðsgjald samkvæmt kerfinu. Nú er ógrynni af ástæðum sem geta verið á bakvið af hverju viðkomandi er ógreiddur og hvað sé að gera í því. Og lokaskref þessara leiðbeininga verður að fara yfir það út frá nokkrum algengum aðstæðum og hvað sé að gera í hverjum og einum aðstæðum.

EINSTAKLINGUR SETTI ALDREI UPP GREIÐSLUFERLI

Byrjum á því algengasta, að viðkomandi var forskráður og á eftir að staðfesta skráningu með að setja upp greiðsluferli.

Fyrsta skref er að ákveða hvort það sé ennþá rétt að ganga á eftir greiðslu. Sé þetta í skráningu sem er yfirstandandi og/eða fyrir viðburð sem er enn ólokið er borðliggjandi að það þurfi að ganga á eftir gjaldinu. Í þessu tilfelli er námskeiðið orðið 2 ára gamalt þegar þessar leiðbeiningar eru skrifaðar og óvíst að okkur finnist rétt að ganga á eftir gjaldinu núna fyrst við höfum ekki sinnt því sjálf í svo langan tíma. Þá gæti ógrynni ástæðna valdið að fólki finnist ekki rétt að innheimta en félögum ber að gæta sanngirni og jafnræðis í slíkum ákvörðunum. Sé þetta gert innan eðlilegs tímaramma ætti ekki að sleppa við innheimtu gjalda nema af ástæðum sem falla undir endurgreiðsluskilmála.

En ímyndum okkur núna að Skáti 1 hafi nýlega sótt námskeiðið og ekki fari á milli mála að viðkomandi beri að greiða fyrir það. Æskilegast er að hafa samband við viðkomandi skáta og biðja viðkomandi að gera upp, að öðrum kosti verði sendur greiðsluseðill eftir x mikinn tíma t.d. 14 daga. Hér er sniðmát að slíkum skilaboðum.

„Góðan dag **Skáti 1**

Þú tókst þátt í **Nafn viðburðar** en varst forskráður/ur en gekkst ekki frá því að setja viðburðargjaldið í greiðsluferli. Vinsamlegast farðu inn á <https://sportabler.com/shop>, skráðu þig inn og þá efst í hægra horni er hringur með mynd af þér eða upphafsstöfum þínum. Smelltu á þann hring og því næst á „Reikningar“ þar ættir þú að sjá skráninguna merкта ógreidda og getur þaðan valið hvernig þú vilt greiða gjaldið. Sértu í Sportabler




appinu í síma velur þú þrjú strikin neðst í hægra horni símaskjás og þá sérðu hnapp sem heitir „Ógreitt“, þar sérðu reikninginn og getur gengið frá greiðslu.

Athugaðu að ef reikningurinn er ekki kominn í greiðsluferli innan vikna verður sendur greiðsluseðill í heimabanka fyrir gjaldinu.“

Næst skulum við skoða hvernig við sendum greiðsluseðil. Til þess byrjum við á því að fara á prófíl einstaklingsins, með því að smella á viðkomandi eða leita af þeim í leitarglugganum efst á síðunni. Þegar þangað er komið smellir maður á reikningar, athugið að í dæminu er búið að fela allar persónugreinanlegar upplýsingar:

	Skati 1	Netfang	Skilaboð	Áskrifir
Fædd(ur):		Sími	Skilaboð á fjölskyldu	Afsláttarmiðar
Staðsetning:		Kennitala:		Reikningar

Nú ætti að blasa við okkur hinir ýmsu reikningar sem hafa verið gefnir út á viðkomandi, þeirra á meðal vegna ógreidds námskeiðs.

	Notandi	Titill	Kvi. nr.	Alls upphæð	Upphæð greidd	Stofnað	Breytt	Staða
1		Skati 1	Námskeið	10.200 kr.	0	27.05.2022 14:58	27.05.2022 14:58	Ógreitt

Við höfum við það smellum á „breyta“ og veljum því næst „Stofna greiðsluseðil“ þá birtist eftirfarandi gluggi:

Runustofna greiðsluseðla (1)

Auðkenni greiðsluseðils	Gjalddagi / Eindagi	Fjöldi greiðslna	
Æfingagjald	2rd next month, due date 10 days later	Veldu fj. greiðslna	
Meðlimur	Greiðandi	Upphæð	Eftirstöðvar reiknings:
Skati 1	Veldu aðst. eða leitaðu eftir kt, netf. eða nafni	10.200	0

Stofna **Loka**

Hægt er að breyta auðkenni eftir því sem best á við, stilla eindaga og velja út á hvern greiðsluseðill er gerður, sem er annaðhvort viðkomandi eða forráðafólk ósjálfráða



einstaklinga. Þegar búið er að setja inn allar réttar upplýsingar er smelt á „Stofna“ en við það birtist greiðsluseðill í heimabanka þess sem valið var sem greiðanda.

FORSKRÁNING ÁN SAMÞYKKIS/STAÐFESTINGAR

Nú getur komið fyrir að einhver sé forskráður á eitthvað sem ber gjald með sér án þess að fyrir því hafi legið samþykki eða staðfesting. T.d. ef dróttskáti segist vilja koma með á stórmót og er forskráður en síðan staðfesti forráðafólk ekki skráninguna eða ef einhver hleypur á sig og forskráir einhvern sökum þess að viðkomandi sýndi einhvern áhuga en var síðan ekkert samþykkur því að vera skráður.

Þá er ekki rétt að láta skráninguna standa né reikninginn. Skoðum aftur dæmið þar sem einhver skráði Sigurgeir erindreka á aðstoðarsveitarföngja námskeiðið. Best er að fara inn í þjónustuna og finna þar Sigurgeir í hægri dálkinum sem stýrir greiðsluferlum. Þar er smelt á þrjá punktana lengst til hægri í borðanum með nafninu hans og því næst á „Fjarlægja áskrift“

Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
Deild: Skátarnir
Flokkur: Aðstoðarsveitarföngjanámskeið

Nánar um þjónustu Áskritir Reikningar

Leikmenn

Leita eftir nafni, kt, fæðingarári eða netfangi

1. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
2. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
3. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
4. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
5. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
6. 1992 Sigurgeir B. Þórisson Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
7. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja
8. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja

Enginn leikmaður

Námskeið fyrir aðstoðarsveitarföngja Greitt 7 of 8

1. 23.09 - 25.09 Virk
2. 23.09 - 25.09 Virk
3. 23.09 - 25.09 Virk
4. 23.09 - 25.09 Virk
5. 23.09 - 25.09 Virk
6. 1992 Sigurgeir B. Þórisson 23.09 - 25.09 Ögritt
7. 23.09 - 25.09 Virk
8. 23.09 - 25.09 Virk

Skilaboð
Skilaboð á fjölskyldu
Skoða reikning
Breyta áskrift
Fjarlægja áskrift
Stofna færslu

Þá birtist eftirfarandi gluggi:



Fjarlægja áskrift

Fjarlægir áskrift af meðlim. Notist ef um ranga skráningu var að ræða. ATH, ef meðlimur er að hætta, vinsamlegast notið Stöðva áskrift

Áskrift Námskeið fyrir aðstoðarsveitarfóringja - 2022-09-23 : 2022-09-25

Meðlimur Sigurgeir B. Þórisson

Fjarlægja iðkanda úr flokk ?

Fella niður reikning (í safn) ?

Athugasemd stjórnanda

Pessi skráning var aldrei raunveruleg heldur einqöngu til að búa til leiðbeiningar fyrir skátafélögin um Sportabler

Hætta við **Staðfesta**

Í þessu tilfalli er mikilvægt að haka í öll þrjú hökin en einnig að skrifa athugasemd til að halda skrá um af hverju viðkomandi krafa var felld niður. Svo verður að smella á staðfesta.

GREIÐSLA UTAN SPORTABLER

Einstaka sinnum kemur fyrir að einstaklingur greiðir með reiðufé eða millifærir á félagið fyrir einhverju gjaldi eftir að krafa hefur verið stofnuð í Sportabler. Þetta gæti líka t.d. verið þegar verið er að safna fyrir stórmóti og einstaklingurinn tekur þátt í fjáröflun sem greiðist beint til félagsins, þá er hægt að færa þeirra hlut af fjáröfluninni beint til frádráttar af heildarkröfunni í kerfinu.

Til að merkja inn greiðslu er einfaldast að fara inn í nafn þjónustunnar og finna viðkomandi í hægri dálki sem stýrir greiðsluleiðinni.


Tjaldbúðarhluti mótsins Greitt 0 of 1 Greitt Ogreitt

1. Skáti 1 21.07 - 24.07 Ogreitt

- Skilaboð
- Skilaboð á fjölskyldu
- Skoða reikning
- Breyta áskrift
- Fjarlægja áskrift
- Stofna færslu**



Eftir að hafa fundið viðkomandi ýtir maður á punktana þrjá lengst til hægri og velur „Stofna færslu“. Þá birtist eftirfarandi gluggi:



Í þessum glugga er hægt að merkja færsluna sem greidda bæði að hluta eða að öllu leiti í kerfinu, þá uppfærast krafan á viðkomandi út frá því. Ef viðkomandi hefur þegar sett eitthvað greiðsluferli af stað er mjög mikilvægt að færa þessa greiðslu utan kerfisins inn. Annars er hættu á að krafan sitji inni í kerfinu og safni vöxtum og innheimtukostnaði á sig sem að verður svo ekki hægt að komast hjá að greiða t.d. viss stimpilgjöld. Ef greiðsla utan kerfisins er bara fyrir hluta gjaldsins skiptir það máli svo að viðkomandi sé ekki rukkaður aftur fyrir sama hluta gjaldsins af sjálfvirka kerfinu.

Kort, reiðufé og millifærsla skal nota þegar greitt er eftir þeim leiðum. Afslátt skal nota ef viðkomandi er gefinn eftir einhver hluti af gjaldinu einhverra hluta vegna. Inneign er hægt að nota þegar viðkomandi tekur þátt í fjáröflun sem félagið fær greitt fyrir og sleppa þannig milli skrefinu að greiða það út til allra.

Í öllum tilfellum er mikilvægt að skrifa athugasemd um hvað sé verið að gera og af hverju það sé verið að gera það. Þannig er auðveldara í framtíðinni að rifja upp ef til þess kemur og auðveldara fyrir t.d. bókkara eða endurskoðanda að átta sig á hvað fór fram.

NIÐURFELLING GJALDS SEM ER EKKI Í VANSKILUM

Ef að einstaklingur á einhverra hluta vegna að fá niðurfellingu gjalds er sömu skrefum og er lýst hér að ofan fylgt en niðurfelling valin. Þá er mælt til þess að



skrifa athugasemd sem skýrir hví einstaklingur fær niðurfellingu gjalds. Þá er það skjalfest, auðveldara að rifja það upp og fyrir úttektaraðila eins og bókara eða endurskoðendur að átta sig á hvað var gert.

GJÖLD Í VANSKILUM

Því miður gerist það nokkuð reglulega að fólk lendir í vanskilum með gjöld. Þá hafa þau gjarnan samband við skátafélögin og vilja leita leiða til að gera gjöldin upp utan kerfisins. En það er í rauninni ekki hægt. Endanlega þarf alltaf að loka kröfunni í kerfinu sjálfu og þá skiptir máli að félagið átti sig á því að ef það fer vissar leiðir með málin endar það sjálft á að taka á sig kostnað, sem félagið vill ekki.

Þegar gjöld fara í vanskil vaxa þau og má búa heildargjaldið niður á eftirfarandi máta:

- Höfuðstóll (upprunalega gjaldið sem var ekki greitt)
- Gjöld sem innheimtufélagið þarf að greiða til að setja kröfu í innheimtu
- Önnur gjöld sem innheimtufélagið reiknar sér
- Vextir vegna vanefnda á greiðslu sem greiðast til félagsins

Skátafélög eru ekki í gróðastarfsemi og oftast vega félagslegir hagsmunir þyngra en fjárhagslegir. Á sama tíma eiga félögin takmarkaða sjóði, því er ekki óeðlileg krafa að sækja gjöld fyrir veitta þjónustu þ.e. að fólk greiði félagsgjöld fyrir þátttöku, greiði viðburðagjald vegna ferða, námskeiðsgjöld vegna sumarstarfs o.s.frv. Þegar fólk „verslar“ þessa þjónustu af okkur bera þau ábyrgð á því að velja greiðsluleið og að standa við þá fjárhagslegu skuldbindingu.

Við sjáum mjög oft mannlegar ástæður á baki, viðkomandi skipti greiðslunum og gleymdi því, stóð í góðri trú að allt væri fullgreitt og ákvað að hætta að borga kröfur sem héldu áfram að birtast í bankann því gjaldið var ekki fullgreitt. Fólk er ekki meðvitað um endurgreiðsluskilmála og hættir við þátttöku án þess að vera í sambandi við félagið um það eða heldur jafnvel þegar það tilkynnir samdægurs að barnið komi ekki með verði gjaldið sjálfvirkt fellt niður en á sama tíma ætlast félagið til að gjaldið sé greitt því hætt var við þátttöku með of skömmum fyrirvara.

Einstaklingur sem vanrækir að greiða kröfur í langan tíma mun safna miklum óþörfum kostnaði vegna þess og þegar allur þessi óþarfi kostnaður hefur safnast saman er ekki sanngjarnt að ætlast til að skátafélagið beri kostnaðinn.



Félögin geta engu að síður haft samband við innheimtufélagið og veitt viðkomandi aðstoð með að óska eftir að viðkomandi fái afslátt t.d. af vöxtum og beðið félagið að semja við viðkomandi um frekari afslátt eins og unnt er. Inngrip snemma í ferlinu skiptir sköpum fyrir alla.

Ef fylgst er með útistandandi kröfum og þær gerðar upp með reglulegri tíðni er best hægt að reyna að komast hjá því að þessar aðstæður skapist. Einnig með skýrum skilmálum og góðum samskiptum.

Best er að eiga ekki við kröfur í vanskilum öðruvísi en í gegnum innheimtufélagið sjálft og/eða Sportabler.

UM ANNAÐ SEM EKKI ER FARIÐ YFIR HÉR

Ef félagið lendir í öðru vandamáli en því sem er búið að fara yfir hér, er alltaf hægt að fá aðstoð bæði með að ýta á spjallblöðruna niðri í hægra horninu á Sportabler en einnig með að óska aðstoðar frá þínum erindreka sem getur þá vitnað í leiðbeiningar til að kenna þér betur á kerfið, aðstoðað þig að leysa verkefnið og haldið þessum leiðbeiningum við.

